

Yfirsetukvennareglugjörð

135
15. nóv.

1. grein.

Sjerhver yfirsetukona er skyld að breyta samvirkusamlega eptir fyrirmælum yfirsetukvennalaganna frá 17. desbr. 1875 og þessarar reglugjörðar, svo eru og allar yfirsetukonur að því, er snertir skylduverk þeirra, háðar umsjón og nánari fyrirskipunum hlutaðeigandi hjeraðslæknis og landlæknisins.

2. grein.

Sjerhverri yfirsetukonu ber ávallt að hegða sjer vel og siðsamlega, og vera jafnan til taks, er á þarf að halda; fari hún burt af heimili sínu, skal hún jafnan láta heimilisfólkið vita, hvar hana sje að finna.

3. grein.

Hún á að vera vinaleg og mannúðleg í umgengni við alla, sem leita hennar, hugga þá og hughreysta, ef lítilmótlegir eða huglitlir eru, og eigi láta á sjer finna, þótt eitthvað beri út af, svo að hún hræði eigi þá, sem hennar er vitjað til; hún skal og forðast allt málæði, bæði um ástand konunnar og barnsins, og eigi láta á því bera fyrr en í síðustu lög, ef hún finnur, að barnið er andvana eða vanskapað.

4. grein.

Hún má og ekki segja frá neinu, sem henni er sagt í trúnaði eða hún kemst að vegna stöðu sinnar um veikindi eða líkamslýti konu, eða annað það, er konunni kynni að vera óþægilegt að yrði almenningi kunnugt.

5. grein.

Hún á að láta fúslega í tje aðstoð sína hverjum, sem hennar leita, jafnt fátökum sem ríkum, og engan mannamun gjöra sjer, hvorki af ábatavon nje öðru.

6. grein.

Þegar hún situr yfir, skal hún hafa nákvæmar gætur á öllum ástæðum og atvikum, er að bera, og leita sængurkonunni allrar hægðar eptir fremsta mætti. Beri nokkuð út af, sem hún heldur að hættulegt geti orðið, annaðhvort fyrir konuna eða fóstrið, ber henni að ráðfæra sig við lækni eða aðrar yfirsetukonur, ef þess er kostur; sje það eigi, eða óttist hún, að lífi eða heilsu barnsins eða móðurinnar sje hætta búin í fæðingunni, skal hún láta nánustu viðstadda vandamenn sængurkonunnar vita af því í tíma, og heimta læknis leitað tafarlaust.

7. grein.

Eigi má hún fara frekara í meðalabrukun við þungaðar konur eða sængurkonur, en henni hefir kennt verið í yfirsetufræðinni eða af lærðum lækni.

8. grein.

Eigi má hún yfirgefa neina sængurkonu, meðan nokkur hætta er á ferð, fyr en hún hefir gjört allt sem í hennar valdi stendur til þess að afstýra hættunni.

9. grein.

Allt, sem út af ber hjá einhverjum þunguðum kvennmanni eða sængurkonu, er hennar er vitjað til, á hún að rita í minnisbók hjá sjer, til að geta skýrt læknum frá því, ef þörf gjörist.

10. grein.

Varast skal hún að gefa nokkrum kvennmanni inn nokkurt það meðal, er tjón geti af hlotizt fyrir kvenmanninn sjálfan eða fóstur það, sem hún gengur með, eða valdið því, að það fæðist fyrir tímann; og eigi segja neinum til slíkra meðala. Samkvæmt hegningarlögunum skal hver sá, sem eyðir burði eða deyðir hann í móðurkviði eða á

135 nokkurn þátt í slíkum glæp, sæta hegningarvinnu, jafnvel æfilangt, ef mjög miklar sakir eru.

11. grein.

Sje læknishjálp að fá, má hún ekki fást við neinar lækningatilraunir, hvorki við konuna nje barnið, um fram það, sem til er tekið í yfirsetufræðinni.

12. grein.

Sje tilefni til þess, ber henni að vara þungaðar konur giptar sem ógiptar við öllum fóstureyðandi meðöllum, og sje eigi látið að orðum hennar í því efni, ber henni að tilkynna það yfirvaldinu.

13. grein.

Hafi hún fengið vitneskju um, að nokkur hafi borið út barn eða alið barn í dulmáli, ber henni þegar að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því.

14. grein.

Skýrslu um andvanafædd börn ber henni að gefa samkvæmt eyðublaði því, er henni mun verða sent frá hlutaðeigandi hjeradslækni.

15. grein.

Þegar nýfætt barn er mjög veikt, skal hún minna foreldrana á, að láta skíra það sem fyrst.

Verði ekki náð í prest og skorist faðir barnsins eða aðrir ráðsettir dánumenn, er við eru staddir, undan að skíra barnið skemmri skírn, skal hún gjöra það sjálf, og gefa presti skýrslu um það innan 4 daga.

16. grein.

Minnsta þóknun fyrir að sitja yfir konu skal vera 3 kr., auk ókeypis fararþeina. Þurfi yfirsetukona að vera hjá sængurkonu lengur en 1 dag eða sem því svarar, ber henni 1 kr. fyrir hvern dag sem fram yfir er, auk fæðis. Fyrir að setja stólpípu, taka blóð, o. s. frv., bera henni 25 aurar í hvert skipti. Þiggi sængurkonan af sveit eða sje svo fátæk, að hún geti ekki borgað yfirsetukonunni, er sveitin skyld að greiða henni auk fararþeina 3 kr. þóknun.

17. grein.

Það er skylda yfirsetukvenna að láta hver annari í tje þá liðsemd og leiðbeiningu, er þær mega við koma, og varast allan rígg eða óvild, og allt er slíku má valda.

18. grein.

Eigi má yfirsetukona vinna mein vansköpuðum burði, er hún tekur við, hversu fjarri sem er rjettu sköpulagi, heldur skal hún kosta kapps um að halda lífi í slíku afkvæmi, unz til læknis næst. Ríta skal hún nákvæma skýrslu um vanskapnaðinn og senda lækni.

19. grein.

Fái yfirsetukona grun um, að barni, sem fæðist andvana eða deyr skömmu eptir fæðinguna, hafi verið fyrirfarið annaðhvort eptir fæðinguna eða með því, að móðirin hefur tekið inn fóstureyðandi meðöl, áður en hún ól barnið, ber henni að senda sem fyrst lögreglustjóra skýrslu um það, og skulu þar 1. tilgreind nöfn foreldranna og heimili, 2. skýrt frá, hvornig fæðingunni hafi verið háttáð, og 3. hvað muni hafa valdið dauða afkvæmisins, að því er yfirsetukonan kemst næst.

20. grein.

Áhöld þau, sem fylgja sýslu hennar, er hún skyld að varðveita á sem beztan

og hentugastan hátt, og ber henni að fara nákvæmlega eptir því sem hjeraðslæknirinn segir henni í því efni. **135**
15. nóv.

21. grein.

Verði yfirsetukona þess vör, að einhver sjerstök óhollusta eða óþrifnaður, er skaðvænn getur álitist fyrir líf og heilsu manna, eigi sjer stað í umdæmi hennar, skal hún skyld að skýra hjeraðslækni frá því, og vara fólk við hinum skaðlegu áhrifum, er slíkt getur haft á heilsu þess.

22. grein.

Brjóti nokkur yfirsetukona gegn þessari reglugjörð, skal hún sæta sektum, nema þyngri hegning liggi við afbroti hennar að lögum. Verði hún sek að nýju og eru miklar sakir til, einkum, ef hún optar en einu sinni hefur skorazt undan að vitja sængurkonu tafarlaust og að forfallalaus, skal henni vikið frá sýslu sinni.

Landlæknisembættið í Reykjavík, 15. dag nóvbrm. 1877.

J. Hjaltalín.

Reglugjörð þessi samþykkist hjer með.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. dag nóvemberm. 1877.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

E y ð u b l a ð það, er getur um í 14. gr. þessarar reglugjörðar, er þannig lagað:

Skýrsla

um andvanafött barn, er undirskrifuð yfirsetukona hefur tekið við.

1. Nær varð konan ljettari? (hvaða dag, mánuð, ár).
Hve nær byrjaði fœðingin?
Nær kom yfirsetukonan til konunnar?
2. Nær var fœðingin um gærð gengin?
3. Var barnið skilgetið eða óskilgetið?
4. Nöfn fœðurins og móðurinnar?
5. Hvar á móðirin heima?
6. Var barnið sveinbarn eða meybarn?
7. Var barnið fullburða?
eða hvað löngu kom það fyrir tímann?
8. Var fœðingin regluleg kollfœðing?
eða hvað bar út af?
9. Gekk fœðingin öll náttúrlega?
eða varð að hjálpa konunni, og með hvaða hætti var það gjört?
10. Voru rotnunarkerki
á barninu, er það fœddist?
11. Hvaða tilraunir gjörði yfirsetukonan
til að lífga barnið?
eða hvers vegna gjörði hún eigi tilraun til þess?
12. Hvað heldur yfirsetukonan, að
hafi valdið því, að barnið fœddist andvana?

